



Gerplutíðindi

- Sumar 2022 -



NORÐURLANDAMÓT UNGLINGA Í HÓPFIMLEIKUM

Helgina 9.-10. apríl fóru kvenna og mix lið 1. flokks Gerplu á Norðurlandamót unglunga sem haldið var í Randers í Danmörku. Liðin höfðu fyrir í vetur unnið sér inn þátttökurétt með að verða í fyrsta sæti á Bikarmóti Fimleikasambandsins í Febrúar. Ferðalagið hófst snemma á fimmtudagsmorgninum 7. apríl með flugi til Kastrup og svo rútuferð í til Randers. Á föstudeginum fengu liðin svo að æfa í keppnissalnum þar sem keppnin fór svo fram á laugardeginum 9. apríl.



1.fl mix keppti á undan og hófu þau keppni á dýnu og gerðu sér lítið fyrri og lentu öll sín stökk. Mjög svo áreynslulaus dýna með frábærri framkvæmd og uppskáru þau þriðju hæstu einunnina á dýnunni. Eftir það fóru þau á trampolín þar sem þau gerðu mjög flottar æfingar en þó nokkur mistök sem kostuðu stig. Þau enduðu svo í dansi og sýndu frábærar æfingar og uppskáru þriðju hæstu einkunn á gólfi. **Þessar æfingar skiluðu liðinu í 4. sæti í fjölþrautinni sem er frábær árangur fyrir þetta unga og efnilega lið.** Það er gaman að segja frá því að allir strákarnir nema einn eru það ungir að þeir eru gjaldgengir á Norðurlandamót unglunga eftir tvö ár og verður frábært að fylgjast með þeim þá eftir að hafa öðlast dýrmæta reynslu í Danmörku.

1.fl kvenna áttu ekki sinn besta dag. Þær byrjuðu á gólfinu og sýndu frábærar æfingar en hnökrar í tveimur erfiðleikaæfingum urðu til þess að erfiðleikaekunn lækkaði miðað við upphafseinkunn og því var einkunn þeirra aðeins lægri en við var að búast. Þær fengu hinsvegar mjög háa framkvæmdareinkunn sem þýðir að dansinn var mjög vel dansaður og stelpurnar vel samtaka. Þær fengu fjórðu hæstu einkunnina á mótinu á gólfinu. Næsta áhald var dýnan og voru fyrstu tvær umferðirnar mjög góðar en nokkur mistök í framumferð urðu til þess að þær misstu dýrmæt stig. Framumferðin er sú umferð sem gengið hefur best í vetur en þegar adrenalínið er á fullu getur hún reynst snúin. Á trampólíninu voru stökkinn í heildina mjög flott en nýjar reglur eru fljótur að refsar þegar keppendur detta í stökkunum og voru nokkur föll í umferð tvö. Trampólínæfingarnar skiluðu þeim samt sem áður í 4. sæti þar. **Eftir harða baráttu um þriðja sætið endaði kvennaliðið í 5.sæti á mótinu af tíu liðum.** Efnilegar stúlkur hér á ferð sem verður gaman að sjá vaxa og dafna á næstu árum.



Það er gaman frá því að segja að hópurinn í heild var frábær! Mikil gleði, samheldni, virðing og metnaður einkennir hann allt ferlið og erum við afar stolt af þeim. **Við viljum enda á að þakka lðkendum, foreldrum og þjálfurunum fyrir frábært verkefni því bæði lið voru til fyrirmyndar bæði innan sem utan keppnishallarinnar.**

Hægt að skoða myndir og video frá ferðinni á Instagram reikning
@gerplateamgym

bpro



ÍSLANDSMÓT Í ÞREPUM Á AKUREYRI

Íslandsmótið í þrepum fór fram fyrir norðan á Akureyri að þessu sinni helgina 9.-10. apríl, keppt var í 1.-3. þrepi. Keppendur okkar í Gerplu voru ótrúlega spennt að fara norður að keppa margir hverjir í fyrsta sinn. Umgjörð mótsins til fyrirmyndar og alltaf gaman að koma norður.

Gerpla sendi keppendur í öllum þrepum kvenna og karla. Frábær árangur hjá þeim og margir að bæta sig mikið á milli móta og aðrir með persónulega sigra að ná að keppa aftur eftir erfið meiðsli.

Gerpla eignaðist tvo Íslandsmeistara um helgina, þá **Botond Ferenc Kovács** sem keppti í 2. þrepi og **Kára Pálmason** sem keppti í 1. þrepi. Frábær árangur hjá þessum strákum okkar. Einnig fengum við bronsverðlaunahafa í 3. þrepi pílta var það hann **Ármann Andrasen** sem átti glæsilegt mót. Stúlkurnar náðu einnig góðum árangri á mótinu í 3. þrepi voru það **Elfa María Reynisdóttir** sem fékk silfurverðlaun í flokki 11 ára og yngri og **Hekla Tomasdóttir Albrigtsen** sem fékk bronsverðlaun í 3. þrepi 13 ára og eldri.



Í 2. þrepi voru það vinkonurnar **Ísabella Röberstdóttir** og **Sólný Inga Hilmarsdóttir** sem röðuðu sér í annað og þriðja sæti í flokki 12 ára og yngri.

Við erum virkilega stolt af öllum okkar keppendum, og óskum þeim, foreldrum og þjálfurum innilega til hamingju með frábært keppnistímabil.



ÍSLANDSMÓT Í SPECIAL ÓL

Íslandsmót Special Olympics fór fram 8. maí í Egilshöll og sendi Gerpla 10 iðkendur til keppni. Mikil tilhlökkun var fyrir mótinu og iðkendur Gerplu búnir að æfa vel síðustu vikur fyrir mót. Iðkendur sýndu mikla samstöðu og liðsanda á mótinu og hvöttu hvort annað áfram. Á mótinu var keppt um íslandsmeistaratitil en það virtist ekki skipta iðkendur neinu máli og aðal atriðið var að allir væru með og gerðu sitt besta.



Allir iðkendur Gerplu enduðu á palli en Íslandsmeistari í blönduðu þrepi 2 og 3 karla var **Sigmundur Kári Kristjánsson** með 87.900 stig og í öðru þrepi var **Davíð Þór Torfason** Íslandsmeistari með 81.300 stig. Íslandsmeistari í 3. þrepi kvenna var **Ragnhildur Ragnarsdóttir** með 63.900 stig. Íslandsmeistari í 2. þrepi kvenna var **Elva Björg Gunnarsdóttir** með 64.200 stig.

Við óskum iðkendum og þjálfurum innilega til hamingju með árangurinn og hlökkum til að fylgjast með þeim í komandi verkefnum!



VEL HEPPNUÐ AFMÆLISHÁTÍÐ GERPLU



Gerpla fagnaði 50 ára afmæli þann 25. apríl árið 2021 og var ekki hægt að halda uppá áfangann fyrr en nú þegar slegið var upp í móttöku þar sem margir af stofnendum Gerplu, fyrrverandi formönnum og öðru góðu Gerplufólki og velunnurum voru saman komnir.

Saga Íþróttafélagsins Gerplu, stofnun og vöxtur er mjög merkileg saga sem allir hrífast af. Stofnendur Gerplu stóðu í ströngu á sínum tíma við að búa félaginu almennilega æfingaumgjörð. Keypt var fasteign að Skemmuvegi í Kópavogi en

fjármögnun þessa var ekki átakalaus, og fór svo að nokkrir einstaklinganna gengu svo langt að veðsetja sínar eigin fasteignir til tryggingar fjármögnuninni! Svo var unnið hörðum höndum alla daga að því að koma félaginu fyrir í hinu nýja húsnæði. Þvílíkur áhugi, hugrekki og fórnfýsi hjá þeim sem að þessu komu og erum við þeim ævinlega þakklát. Í tilefni þessa stórafmælis Gerplu var ráðist í gerð heimildarmyndar þar sem stofnun félagsins og saga þess er rakin. Heimildirnar sem söfnuðust við gerð þessarar myndar eru mjög dýrmætar. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þessar öflugur konur réðust í að stofna nýtt íþróttafélag í Kópavogi en þetta er samantekt sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Myndin verður aðgengileg á netinu innan skamms.

Á þessum tímamótum var við hæfi að heiðra Gerplufólk sem staðið hefur í eldlínunni á síðustu árum og áratugum. Við erum þeim þakklát fyrir þeirra framlag. Þeir sem voru heiðraðir á hátíðinni voru **Ása Inga Þorsteinsdóttir, Berglind Pétursdóttir, Björn Björnsson, Guðmundur Þór Brynjólfsson, Harpa Þorláksdóttir og Hlín Bjarnadóttir.**



Félagið er afar þakklátt þeim sem gáfu sér tíma til að fagna með okkur á hátíðinni en félagið fékk margar heillaóskir í tilefni tímamótanna og erum við einnig þakklát fyrir það. Það má með sannri segja að dagurinn hafi verið hátíðlegur og að vel hafi til tekist.

Við hlökkum til næstu 50 ára í Gerplu!



FIMLEIKAÁHÖLD

MIKIÐ ÚRVAL AF LOFTDÝNUM,
JAFNVÆGISSLÁM OG FLEIRI
FIMLEIKAÁHÖLDUM

Í tilefni að sumrinu bjóðum við
iðkendum 20% afslátt af
fimleikaáhöldum á hverslun.is
með kóðanum **"SUMARFIMLEIKAR"**

Gildir til 15.júlí nk.





FLOTT KEPPNISTÍMABIL HJÁ GERPLU

ÍSLANDSMÓT OG VORMÓT Í HÓPFIMLEIKUM

Íslandsmótið í 1.fl og Meistaraflokk var haldið 30. apríl-1. maí á Selfossi. **Fyrsta flokks lið Gerplu komu, sáu og sigruðu** og héldu áfram sigurgöngu sinni eftir frábært keppnistímabil. Það hefur verið stígandi í báðum liðum frá áramótum og má segja að þau hafi toppað sig um helgina. Bættu við erfiðleika frá síðustu mótum og gerðu vel. **Meistaraflokkur kvenna endaði í 2. sæti** á eftir liði Stjörunnar sem sigraði með nokkrum yfirburðum og ekki hægt að segja annað en að keppnisdagur stelpnanna í Gerplu hafi ekki farið eins og lagt var upp með. Það voru hinsvegar jákvæð teikn á lofti þar sem ný stökk litu dagsins ljós og verður að segjast að þær hafi barist fyrir sínu allt til enda. **Öll liðin okkar sem kepptu á Íslandsmótinu enduðu sem deildarmeistarar eftir veturinn með flest samanlögð stig eftir GK mót, Bikarmót og Íslandsmót.**



Helgina 21.-22. maí fór fram Vormót fyrir 5.-3.fl og kky bæði í hópfirmleikum og stökkfimi. Gerpla átti 8 lið í hópfirmleikum og 3 lið í stökkfimi:

A deild

5. flokkur 1 – 5. sæti
5. flokkur 2 – 8. sæti
4. flokkur 1 – 1. sæti
4. flokkur 2 – 2. sæti
KKY 1 – 4. sæti
KKY 2 – 6. sæti

B deild

4. flokkur 3 – 2. sæti

C deild

4. flokkur 4 – 1. sæti

Stökkfimi

5. flokkur – 4. sæti
4. flokkur R – 3. sæti
4. flokkur G – 6. sæti





Íslandsmótið í 3.-2.fl fór fram helgina 28.-29. maí og þar endaði stökkfíliðið okkar í 3. fl í 3. sæti, 3. fl 1 í hóp-fimleikum varð í 2. sæti eftir mikla baráttu um 1. sætið og lið 2 keppti einnig í A-deild og varð í 8. sæti. 2. fl kvk átti mjög gott mót í sterkum flokk og enduðu í 3. sæti en 2. fl mix vann Íslandsmeistaratitillinn í þeirra flokk.



Við erum mjög stolt af liðunum okkar og þjálfurum þeirra!

ATHUGIÐ
TAKMARKAÐ PLÁSS Í BODI!



SUMARNÁMSKEIÐ GERPLU 2022



FIMLEIKA- OG ÍPRÓTTAFJÖR

Fjölbreytt námskeið fyrir 6-10 ára (2012-2016), þar sem lögð verður áhersla á fimleika, aðrar íþróttir, farið í sund ásamt ýmiskonar útiveru.

Námskeiðið er haldið í **Versölum 3**

Á námskeiðinu er skipulögð dagskrá frá kl. 9:00-16:00

Boðið er upp á gæslu án aukakostnaðar frá kl. 8:00-9:00 og frá kl. 16:00-17:00

Námskeið 1	8.-10. júní (3 dagar)
2	13.-16. júní (4 dagar)
3	20.-24. júní
4	27.-30. júlí (4 dagar)
5	4.-8. júlí
6	11.-15. júlí
7	18.-22. júlí
8	8.-12. ágúst
9	15.-19. ágúst

Námskeið 1	13.-16. júní (4 dagar)
2	20.-24. júní
3	27. júní – 1. júlí
4	4.-8. júlí
5	11.-15. júlí
6	18.-22. júlí
7	8.-12. ágúst
8	15.-19. ágúst



Íþróttafélagið Gerpla mun halda áfram með sumarnámskeið í parkour! Námskeiðið er parkourmiðað, leikjanámskeið í Gerplu, VATNSENDA. Hvert námskeið er vikulangt og í 3 klukkustundir á dag.

FYRIR IÐKENDUR FÆDDA 2014-2016
kl 9:00-12:00

FYRIR IÐKENDUR FÆDDA 2010-2013
kl 13:00-16:00

STAÐSETNING: GERPLU, VATNSENDA



NÁMSKEIÐIÐ ER HÓPFIMLEIKAMIÐAÐ
HVERT NÁMSKEIÐ VIKULANGT
Í EINA OG HÁLFA KUKKUSTUND Á DAG!

Námskeið 1	13.-16. júní (4 dagar)
2	20.-24. júní
3	8.-12. ágúst
4	15.-19. ágúst

FYRIR IÐKENDUR FÆDDA 2009-2014
kl 15:00-16:30

STAÐSETNING: GERPLU, VATNSENDA

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
www.gerpla.is/sumarnamskeid

Skráning á greiðslusíðu Gerplu sportabler.com/shop/gerpla




NÆSTA VERKEFNI Í HÓPFIMLEIKUM

Landsliðsþjálfarar í hópþímleikum hafa valið úrvalshópa fyrir Evrópumótið sem fram fer í Lúxemborg í September.

Gerpla á 23 iðkendur í hópnum og eru þau í kvennaliði, stúlknaliði, blönduðu liði unglunga og drengjaliði. Við erum við afar stolt af þeim öllum!

Liðin eru byrjuð að æfa saman eftir þriggja vikna sumarfrí og munu æfa saman fram að mótinu, 4 sinnum í viku.



Við óskum iðkendum og þjálfurum góðs gengis í þessu stóra og spennandi verkefni og hlökkum til að fylgjast með!

FERENC OG SIF LANDSLÍÐSJÁLFAVARAR



Ferenc Kováts hefur verið ráðinn landsliðsþjálfari í áhaldafímleikum kvenna og hóf störf 1. apríl. Viðburðaríkt sumar er framundan en þá fer fram Norðurlandamót á heimavelli, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar og Evrópumót í Munich í Þýskalandi.

Sif Pálsdóttir hefur verið ráðin landsliðsþjálfari unglunga í áhaldafímleikum kvenna. Hún hefur mikla reynslu sem keppandi í áhaldafímleikum sjálf og hafa margir þjálfarar komið að hennar fímleikþjálfun sem hefur verið mikill lærdómur og reynsla fyrir hana. Spennandi tímar framundan og skemmtileg verkefni fyrir unglunga. Norðurlandamót, Ólympíuhátíð æskunnar og Evrópumót eru verkefni sumarsins.

Einnig hafa **Sif Pálsdóttir** og **Ingibjörg Þóra Þórarinsdóttir** verið ráðnar sem teymisþjálfarar í hæfileikamótun stúlkna. Til hamingju Ferenc, Sif, og Ingibjörg, við óskum ykkur góðs gengis með nýju störfum!





TVÖFALDUR SIGUR Á BIKARMEISTARAMÓTINU Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Bikarmótið í frjálsum æfingum var haldið í Gerplu 28. apríl. Umgjörð mótsins var virkilega glæsileg og var ótrúlega gaman að sjá öll liðin sem kepptu á mótinu.

Gerpla sendi fjögur lið til leiks, tvö lið í karlaflokki og tvö lið í kvennaflokki. Gerplu keppendur mættu einbeitt til leiks og uppskáru heldur betur eftir þrotlausar æfingar síðustu mánuði. **Gerpla 1 í karlaflokki urðu Bikarmeistarar** með yfirburðum en **Gerpla A varð í 2. sæti.**


Kvennalið Gerplu 1 sigraði svo kvennakeppnina með glæsilegum æfingum sínum. **Gerpla A endaði svo í 6. sæti** sem er frábær árangur hjá mjög ungu liði sem margar voru að keppa á sínu fyrsta bikarmóti í frjálsum æfingum.



Við erum virkilega stolt af öllum keppendum okkar og þjálfurum, breiddin sem Gerpla hefur í frjálsum æfingum karla og kvenna er með einsdæmum, framtíðin er svo sannarlega björt í Kópavoginum!

Myndir af viðburðinum [á facebook síðu Gerplu](#)

ALEK NÝR DEILDARSTJÓRI ÁHALDAFIMLEIKA KARLA



Þann 1. júní urðu starfsmannabreytingar í áhaldadeild karla þegar **Alek Ramezanpour** tók við deildarstjórarstarfi áhaldadeildar karla. Alek er okkur öllum orðinn kunnugur en hann kom til starfa í Gerplu árið 2017. Axel Ólafur hefur sinnt deildarstjórarstarfinu af kostgæfni undanfarin ár og þökkum við honum kærlega fyrir vel unnin störf. Axel er þó ekkert á förum frá okkur heldur mun hann áfram sinna þjálfun í deildinni.

Við óskum Alek til hamingju með nýja starfið en hann mun sinna því meðfram þjálfun í áhaldafimleikadeild karla.





ÓTRÚLEGIR YFIRBURÐIR GERPLU Á ÍSLANDSMÓTINU

Gerplufólk rakaði til sín verðlaunum á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum sem haldið var í íþróttamiðstöðinni Versölum helgina 11. og 12. júní.

Í fullorðinsflokki voru tólf Íslandsmeistaratitlar í boði en Gerpla vann samtals 11 titla í karla- og kvennaflokki. Þau Thelma Aðalsteinsdóttir og Valgarð Reinhardsson hömpuðu Íslandsmeistaratitlunum í fjölþraut á laugardeginum með nokkrum yfirburðum og áttu frábæran dag bæði tvö.

Í kvennaflokki var það svo Hildur Maja Guðmundsdóttir sem varð í 2. sæti og Agnes Suto í 3. sæti. Í karlaflokki voru það Jónas Ingi Þórisson sem varð annar og Martin Bjarni Guðmundsson í því þriðja. Það var því verðlaunapallur eingöngu skipaður Gerplufólki bæði í karla- og kvennaflokki.

Í úrslitum á einstökum áhöldum varð lítil breyting á sigurgöngu Gerplufólks sem mætti greinlega vel undirbúið til leiks en af þrjátíu mögulegum verðlaunasætum vann Gerpla 27 verðlaun og níu Íslandsmeistaratitla af tíu mögulegum. Alla titlana fjóra sem í boði voru í kvennaflokki og fimm titla af sex í karlaflokki. Í kvennaflokknum voru það þær **Agnes Suto** og **Hildur Maja** sem skiptu með sér áhöldunum. Agnes hampaði titlinum á stökki og tvíslá á meðan að Hildur Maja vann tvo Íslandsmeistaratitla og sigraði slá og gólf en hún varð jafnframt önnur á stökki og þriðja á tvíslá.



Keppendur Gerplu röðuðu sér svo í sætin í kring en **Thelma Aðalsteinsdóttir** bætti við þremur silfurmedalíum en hún var í úrslitum á öllum áhöldum nema stökki þar sem hún framkvæmdi aðeins eitt stökk í fjölþrautarkeppninni. **Dagný Björt Axelsdóttir** náði sér svo í silfur á jafnvægisslá sem er glæsilegur árangur þar sem hún var að keppa í fyrsta skipti í fullorðinsflokki.



Í karlaflokkinum var **Valgarð** einnig hlutskarpastur á einstökum áhöldum þar sem hann hampaði Íslandsmeistaratitla á gólfi, stökki og svifrú og varð jafnframt annar á hringjum og tvíslá og þriðji á bogahesti. Gerpludrengir röðuðu sér svo í hin sætin en **Dagur Kári Ólafsson** varð Íslandsmeistari á bogahesti og tvíslá og varð annar á svifrú og þriðji á gólfi. **Arnþór Daði Jónasson** varð annar á bogahesti, **Jónas Ingi Þórisson** varð þriðji á hringjum og tvíslá, **Martin Bjarni** varð annar á gólfi og þriðji á svifrú og **Valdimar Matthíasson** varð þriðji á stökki.



Rakel Sara Pétursdóttir Íslandsmeistari unglunga



Í unglungaaflokki var það hin unga og efnilega Rakel Sara Pétursdóttir sem kom sá og sigraði. Hún keyrði sínar æfingar af miklu öryggi og stóð óvænt efst í fjölþrautinni og hampaði þar með sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli unglunga.

Rakel Sara er fædd árið 2010 og á því þrjú ár eftir í unglungaaflokknum. Á einstökum áhöldum varð Rakel Sara Íslandsmeistari á tvíslá og liðsfélagi hennar **Kristjana Ólafsdóttir** varð í þriðja sæti og **Sól Lilja Sigurðardóttir** í því fjórða. Þær síðarnefndu fæddar árið 2009. Ánægjulegt að eiga margar efnilegar á tvíslánni. Á jafnvægisslánni var það svo hin efnilega **Ísabella Róbertsdóttir** sem sigraði óvænt og hampaði sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli en jafnaldra hennar Rakel Sara varð önnur á slánni. Í unglungaaflokki karla áttum við aðeins einn keppanda að þessu sinni en það var hinn ungi og efnilegi **Kári Pálmason**. Hann stóð sig heldur betur vel og náldi sér í tvenn bronsverðlaun á hringjum og gólfi en hann varð í fjórða sæti á tvíslá og svifrá og í fimmta sæti á stökki. Hann endaði í sjötta sæti í fjölþrautinni. Kári er fæddur árið 2009 og á því fimm ár eftir í unglungaaflokknum sem þýðir að hann er rétt að byrja.

Gerpla var með unga keppendur bæði í unglungaaflokki karla og kvenna og verður því árangur helgarinnar að teljast mjög góður og framtíðin björt hjá félaginu.

Það er gaman frá því að segja að árangurinn um helgina fer í sögubækurnar en það eru akkurat tíu ár síðan að Gerpla hampaði ellefu Íslandsmeistaratitlum af tólf mögulegum í áhaldafimleikum í fullorðinsflokki. Það var síðast árið 2012 sem þetta gerðist en þá voru það Róbert Kristmannsson sem vann 7 titla og Thelma Rut Hermannsdóttir sem hampaði fjölþrautartitli og varð einnig Íslandsmeistari á gólfi. Norma Dögg Róbertsdóttir varð það ár Íslandsmeistari á stökki og Tinna Óðinsdóttir á tvíslá.

Við erum afar stolt af keppendum okkar sem og þjálfarateyminum sem lagt hafa mikla vinnu í undirbúning og uppskera ríkulega. Innilegar hamingjuóskir til iðkenda, þjálfara og aðstandenda. Áfram Gerpla!





NM 2022: THELMA NORÐURLANDAMEISTARI Á SLÁ



Stórglæsilegu Norðurlandamóti í áhaldafimleikum lauk um helgina hér hjá okkur í Gerplu, Versölum. Undirbúningur mótsins hófst árið 2020 en varð að fresta mótinu það ár vegna heimsfaraldurs en loksins gátum við tekið upp þráðinn aftur nú í janúar 2022 til að hefja lokaundirbúning fyrir mótið.

Keppt var í bæði unglinga -og fullorðinsflokki karla og kvenna, liðakeppni, fjölþraut og svo á einstökum áhöldum. Keppendur voru 108 talsins frá sex þjóðum og var um virkilega sterkt mót að ræða. Flestar þjóðir sendu sitt sterkasta lið eða einstaklinga til keppni.

Stúlknanandslið Íslands

Kristjana Ósk Ólafsdóttir – varamaður
Sól Lilja Sigurðardóttir – varamaður

Kvennalandslið Íslands – bronsverðlaun í liðakeppni

Agnes Suto
Dagný Björt Axelsdóttir
Hildur Maja Guðmundsdóttir
Thelma Aðalsteinsdóttir

Karlalandslið Íslands

Atli Snær Valgeirsson
Jónas Ingi Þórisson
Martin Bjarni Guðmundsson
Valgarð Reinhardtsson
Arnþór Daði Jónasson – varamaður
Valdimar Matthíasson – varamaður



Frábær árangur okkar keppanda um helgina þar sem ber hæst að nefna er **Norðurlandameistaratitill Thelmu Aðalsteinsdóttur á slá, 3. sæti hjá íslenska kvennalandsliðinu í liðakeppni, tvöföld silfurverðlaun Valgarðs Reinhardtssonar á gólfi og stökki og silfurverðlaun Hildar Maju Guðmundsdóttur á gólfi.** Agnes Suto komst í úrslit á tveimur áhöldum og Martin Bjarni Guðmundsson á einu áhaldi sem er frábær árangur á svona sterku móti. Thelma gerði sér einnig lítið fyrir og hafnaði í 6. sæti í fjölþraut með 48.065 stig sem er hennar hæsta einkunn til þessa og besti árangur íslensku keppendanna í fjölþraut.



Við viljum senda sérstakar hamingjuóskir til fimleikafólksins okkar sem og til allra íslensku keppendanna en einnig til þjálfarana sem standa á bakvið þessar frábæru fyrirmyndir.

Starfsfólki Fimleikasambandsins þökkum við fyrir gott samstarf við undirbúning og framkvæmd mótsins sem og Hlín Bjarnadóttur fyrir hennar ómetanlegu vinnu.

Svona stór viðburður er ekki sjálfsprottinn og liggja þarna á bakvið mörg hundruð klukkustundir í vinnu starfsmanna og ekki síst sjálfboðaliða. Sjálfboðaliðunum okkar verður seint fullþakkað en við viljum þó senda eitt risastór þakklæti út í cosmósið. Við viljum því þakka öllum sjálfboðaliðum sem hjálpuðu okkur við undirbúning og framkvæmd mótsins um helgina, án ykkar hefði þetta mót ekki orðið að veruleika.

Áfram Íslenskir Fimleikar

Takk fyrir okkur!